

Miðvikudaginn 3. apríl 1974.

Nr. 174/1973: **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson saksóknari ríkisins)

gegn

Jóni Heiðberg

(Jón E. Ragnarsson hrl).

Dómenður:

hæstaréttardómaramennir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús P. Torfason.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Framhaldsrannsókn var háð í máli þessu í sakadómi Hafnarfjarðar hinn 27. mars 1974. Kom ákærði þá fyrir dóm og fjórir lögreglumenn, sem afskipti höfðu af máli hans, svo og maður sá, sem gerði lögreglumönnum viðvart um akstur hans hinn 1. september 1972, en tilkynning hans varð efni til lögregluaðgerða gegn ákærða. Er ákærði kom fyrir dóm við framhaldsrannsókn, tók hann aftur þann framburð sinn, að hann hafi fundið til áhrifa áfengis við akstur bifreiðar greindan dag. Eigi tók hann þó aftur skýrslu sína um áfengisneyslu þann dag, en sú skýrsla er rakin í héraðsdómi.

Samkvæmt framburði ákærða fyrir rannsóknarlögreglu hinn 2. september 1972, sem staðfestur var í sakadómi Hafnarfjarðar hinn 11. desember 1972, gekkst ákærði við að hafa neytt nokkurs magns af áfengi frá því klukkan 2 e. h. hinn 1. september 1972, uns hann ók bifreiðinni R 519 milli klukkan 7 og 8 e. h. þá akstursleið, er greinir í héraðsdómi. Eftir það telur hann sig hafa neytt áfengis heima hjá sér, en liðið hafi um 45 mínútur, frá því að akstri lauk, uns lögreglumenn komu á heimili hans og tóku hann höndum.

Með framangreindum framburði ákærða um áfengisneyslu hinn 1. september 1972 og vætti lögreglumanna og stoð þeirri, er blóðrannsókn veitir, þykir ákærði sannur að sök um brot það, sem hann er sakaður um í ákæru. Til viðbótar ber að geta þess, að ekki verður mark tekið á framangreindri afturköllun

ákærða á játningu um, að hann hafi kennt áfengisáhrifa við ofangreindan bifreiðarakstur.

Háttsemi ákærða varðar við refsíákvæði þau, sem greind eru í ákæruskjali. Ákærði gekkst hinn 19. október 1971, þá 21 árs að aldri, undir sátt í sakadómi Hafnarfjarðar, fyrir brot á „2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga“. Skyldi hann greiða 4.000 kr. sekt, og sviptur var hann ökuleyfi í 4 mánuði frá 19. október 1971. Í dómssáttinni greinir, að hún hafi „ítrekunarverkun“. Sátt þessi hefur því ítrekunaráhrif á brot þau, sem hér er dæmt um, sbr. 5. málsg. 81. gr. laga nr. 40/1968, 71. gr. laga nr. 19/1940 og 1. málsg., 2. tölu-lið, 112. gr. laga nr. 82/1961, er þá giltu. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald 10 daga. Staðfesta ber þá úrlausn héraðsdómara, að ákærði sé sviptur ævilangt ökuleyfi sínu samkvæmt þeim lagaheimildum, er greinir í hinum áfrýjaða dómi. Ákvæði dómsins um greiðslu sakarkostnaðar er einnig staðfest.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 18.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda, kr. 18.000.00.

Það athugast, að framburður ákærða fyrir rannsóknarlög-reglu hinn 2. september 1972 var eigi borinn undir ákærða á dómþingi 11. september 1972 jafnskýrlega sem skyldi eftir því sem bókað er í þingbók.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Heiðberg, sæti varðhaldi 10 daga.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sviptingu ökuleyfis ákærða og um greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera órösk-uð.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 18.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 18.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Hafnarfjarðar 7. maí 1973.

Ár 1973, mánudaginn 7. maí, var í sakadómi Hafnarfjarðar, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Sigurði Halli Stefánssyni, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 177/1973: Ákærvaldið gegn Jóni Heiðberg.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. apríl s.l., er með ákæru saksóknara ríkisins, dagsettri 12. febrúar 1973, höfðað á hendur Jóni Heiðberg vélvirkja, Arnarhrauni 16, Hafnarfirði, „fyrir að aka, föstudaginn 1. september 1972, undir áhrifum áfengis bfreiðinni R 519 frá Sjónarhóli við Reykjavíkurveg heim til sín.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Ákærði er sakhæfur, fæddur 25. júní 1950 í Reykjavík, og hefur áður sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1966 6/10 Hafnarfirði: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot á 157. gr. hegningarlaga.

1971 19/10 Hafnarfirði: Sátt, 4.000 kr. sekt fyrir brot á 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi í 4 mánuði frá 19 október 1971.

Málavextir.

Föstudaginn 1. september 1972, klukkan 2020, er lögreglumenn voru í eftirlitsferð í lögreglubifreið, var þeim tilkynnt um talstöð lögreglubifreiðarinnar, að rétt í því hefði bifreiðinni R 519 verið ekið frá Sjónarhóli og norður Reykjavíkurveg í Hafnarfirði. Lögreglumennirnir fóru þegar að leita að nefndri bifreið, en klukkan um 2040 var þeim tilkynnt, að skráður eigandi bifreiðarinnar væri Andri Heiðberg, Arnarhrauni 16, Hafnarfirði. Fyrir utan það hús stóð bifreiðin R 519 mannlau. Lögreglumennirnir knúðu dyra, og er þeir spurðu eftir ökumanni bifreiðarinnar, kom ákærði í máli þessu til dyranna. Hann neitaði hins vegar að hafa ekið bifreiðinni frá Sjónarhóli, en kvaðst hafa fengið Friðþjóf Bragason til að aka fyrir sig og hafi verið ekið yfir svæði Einars Þorgilssonar & Co. og Stefán Hjartarson, Hraunbæ 8, Reykjavík, verið með þeim. Haft var samband við Friðþjóf Bragason, sem í fyrstu kvaðst hafa ekið nefndri bifreið, en tók þann framburð til baka við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu, sem fram fór strax þá um

kvöldið. Farið var með ákærða á lögreglustöðina í Hafnarfirði til yfirheyrslu hjá varðstjóra, og læknir var fenginn til að taka honum blóð til alkóhólrannsóknar.

Í skýrslu varðstjóra er útliti og öðrum einkennum ákærða lýst svo, að sterkur áfengisþefur hafi verið af andardrætti, augu vot, rauð og blóðhlaupin, andlit rjótt, jafnvægi stöðugt, fatnaður snyrtilegur, málfar skýrt, framburður ruglingslegur, framkoma þannig, að hann var æstur, ósvífinn og þrætugjarn.

Í blóðsýni því, sem ákærða var tekið í umrætt sinn, fundust við alkóhólrannsókn reducerandi efni, sem samsvara 0.86‰ af alkóhóli.

Ákærði skýrði svo frá við yfirheyrslu hér fyrir dómi, að hann hefði verið við áfengisdrykkju umræddan föstudag, 1. september, frá klukkan 1400 og þar til hann var handtekinn. Hann kvaðst hafa verið á Sjónarhóli frá klukkan 1700, en á því tímabili og til þess tíma, er hann var tekinn, hafi hann ekki drukkið mikið áfengi og fundið aðeins til áfengisáhrifa, er hann ók bifreiðinni R 519 frá Sjónarhóli að heimili sínu yfir Einarsbræðrareitinn, sem er baklóð í beinni stefnu milli nefndra staða.

Ákærði kvað lögregluna hafa komið um 45 mínútum síðar og á þeim tíma hafi hann verið við drykkju ásamt Stefáni Hjartarsyni og drukkið tvo sopa af óblönduðu wiskey og eitt glas af wiskeyblöndu. Hann kvaðst, áður en hann fór með lögreglunni, hafa beðið Stefán Hjartarson að fara til Friðþjófs Bragasonar og biðja hann að taka á sig að hafa ekið bifreiðinni.

Vitnið Stefán Hjartarson, Hraunbæ 8, Reykjavík, kvaðst hafa komið umræddan dag nokkru eftir klukkan 1700 til Vals Hólms að Sjónarhóli, Hafnarfirði, og drukkið með honum áfengi í herbergi hans, en síðar, sennilega klukkan um 1900, hafi ákærði komið þar einnig. Vitnið kvaðst ekki hafa tekið eftir, hvort ákærði neytti þar áfengis. Það kvaðst hafa farið með honum í bifreið frá Sjónarhóli heim til hans, en ekki veitt því athygli, hvort hann var undir áhrifum áfengis, enda vitnið sjálft ölvað. Heima hjá ákærða hafi þeir síðan neytt einhvers áfengis, þar til lögreglan kom. Vitnið kvaðst ekki muna eftir að hafa farið til Friðþjófs Bragasonar og beðið hann að segjast hafa ekið bifreiðinni R 519 í umrætt sinn, en það minnisleysi stafi sjálfsagt af ölvunarástandi þess. Vitnið vann eið að vætti sínu.

Friðþjófur Bragason, Smyrlahrauni 27, Hafnarfirði, kvað við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu pilt nokkurn, Stefán, sem hann þekkti ekki nánar, hafa komið heim til hans klukkan um 2030

umræddan dag, sagt sér, að lögreglan hefði skömmu áður tekið ákærða vegna ölvunaraksturs og beðið hann að segja lögreglunni, að hann hefði ekið bifreið þeirri, sem ákærði ók, frá Sjónarhóli við Reykjavíkurveg að Arnarhrauni 16 þá rétt áður. Hann kvaðst hafa lofað Stefáni að gera þetta. Hann hafi viljað koma ákærða, sem var heitbundinn systur hans, út úr þeim ógöngum, sem hann var í.

Niðurstaða alkóhólrannsóknarinnar verður ekki lögð til grundvallar í máli þessu við ákvörðun sektar eða sýknu, enda verður ekki hrakinn framburður ákærða um að hafa neytt áfengis, eftir að akstri lauk. Á hinn bóginn er sannað með játningu ákærða, að hann hafi verið undir áhrifum áfengis, er hann föstudaginn 1. september 1972 ók bifreiðinni R 519 frá Sjónarhóli við Reykjavíkurveg í Hafnarfirði heim til sín. Þykir ákærði hafa gerst brotlegur við 2. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr 82/1969. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin varðhald 15 daga.

Svipta ber ákærða ökuleyfi samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga ævilangt frá birtingu dóms þessa.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Jón Heiðberg, sæti varðhaldi 15 daga.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.